

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 875/2008 fyrir Glitnir Globe.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

Heiti sjóðsins verður: **Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka.**

1. gr. orðist svo:

Heiti, heimili og varnarþing.

Nafn sjóðsins er Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka, heimili sjóðsins og varnarþing er Kirkjusandur 2, 155 Reykjavík.

3. gr. orðist svo:

Umsjónaraðili.

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík, er umsjónaraðili sjóðsins. Sjóðurinn var upphaflega stofnaður af Glitni banka hf., kt. 550500-3530.

4. grein orðist svo:

Stjórn sjóðsins.

Umsjónaraðili kýs sex menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, þar af skal einn vera formaður. Stjórnarstörf skulu ekki launuð. Stjórnin skiptir með sér verkum.

5. grein orðist svo:

Stofnfé og tekjur.

Stofnfé sjóðsins er að fjárhæð kr. 10.000.000 í reiðufé. Tekjur sjóðsins eru framlög umsjónaraðila og viðskiptavina hans til sjóðsins sem og ávöxtun af eignum sjóðsins.

6. grein orðist svo:

Fjárvarsla og ávöxtun sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að móta og taka ákvörðun um fjárfestingastefnu sjóðsins. Umsjónaraðili annast fjárvörslu og eignastýringu sjóðsins hverju sinni. Ávöxtun stofnfjár verður á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun stjórnar, þó ávallt með tilgang sjóðsins að leiðarljósi.

9. grein orðist svo:

Breytingar á skipulagsskránni.

Skipulagsskrá þessari verður breytt eða sjóðnum slitið með ákvörðun meirihluta stjórnar sem hljóti samþykki umsjónaraðila enda fái skipulagsskráin þannig breytt samþykki viðeigandi stjórnvalds.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Frumkvöðlasjóð Íslandsbanka staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 31. janúar 2012.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.